

Fundargerð









Fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 372 samþykkt.

2. Fundargögn

	EFS bréf Árborg sent í feb undirritað.pdf
	Svarbréf til EFS vegna bréfs 010221.pdf
	Tálknafrjörður - fjarhagsáætlun.pdf
	Þingeyjarsveit - fjárhagsáætlun A- og B-hluti.pdf
	Þingeyjarsveit - fjárhagsáætlun A-hluti.pdf
	Vesturbyggð - fjárhagsáætlun.pdf
	Vesturbyggð - greinargerð.pdf
	Yfirlit um mál í vinnslu apríl 2021.xlsx

3. Árborg

Lagt fyrir svarbréf frá Árborg, dags. 12. mars 2021, við bréfi nefndarinnar frá 1. febrúar 2021.

Eftir umræðu nefndarinnar um efnistöð bréfsins var ákveðið að rita annað bréf til Árborgar varðandi skýringar sveitarfélagsins vegna ábyrgðar á lánum Leigubústaða Árborgar ses. Jafnframt var ákveðið að biðja með óska eftir frekari skýringum vegna fjárhagsáætlunar 2021-2024 þangað til ársreikningur fyrir árið 2020 liggur fyrir.

4. Undirbúningur fyrir fund með þremur sveitarfélögum

Búið er að bóka þrjá fundi með þremur sveitarfélögum og verða þeir allir haldnir þann 21. apríl nk. í gegnum teams. Sveitarfélögin sem um ræðir eru; Vesturbyggð,

Tálknafröður og Þingeyjarsveit. Tílefni fundanna er að fara yfir fjárhagsáætlun sveitarfélaganna 2021-2024.

5. Ársskýrsla 2020

Umræða um ársskýrslu nefndarinnar vegna ársreikninga 2019. Rætt var um mögulegar breytingar, GAG falið að gera drög að skýrslu.

6. Skil ársreikninga og möguleg viðbótargögn

Umræða um nauðsyn þess að sveitarfélög skili inn ábyrgða- og skuldbindingayfirliti með ársreikningi eins og þau eiga að gera samkvæmt 3. gr. rgl. nr. 1212/2015. GAG falið að óska eftir við sveitarfélög að skila þessu inn með ársreikningi í samráði við ráðuneytið.

7. Verkefnaskjal

Farið yfir og uppfært verkefnaskjal.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 12:00